

**Ed. 156. Frumvarp til laga [89. mál]**

um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. des.)

Samhljóða þskj. 112 með þessum breytingum:

9.—18. gr. hljóða svo:

9. gr.

Kjarasamningum milli útvegsmanna og sjómanna, sem samkvæmt ákvæðum þeirra var ætlað að gilda til ársloka 1969, er heimilt að segja upp án fyrirvara eftir gildistöku þessara laga.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Hafi fiskiskip verið í leigu hinn 15. nóvember 1968, og hafi leigan verið miðuð við það, að leigutaki greiddi vexti og afborganir af stofnlánum skipsins, skal leigufjárhæðin lækka sem svarar greiðslum inn á reikning skipsins hjá Stofnfjárstöði fiskiskipa á leigutímanum.

## II. KAFLI

### Um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

#### 10. gr.

2. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 1 360.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, frystum hrognum, verkuðum saltfiski, verkuðum og óverkuðum saltfiskflökum, óverkuðum söltuðum smáfiski, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum, saltbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 5% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humar, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolium.
3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum, öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.
4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af óverkuðum saltfiski, öðrum en smáfiski, og nýjum og ísvörðum fiski.

Þó getur sjávarútvegsmálaráðuneytið ákveðið, að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli vera allt að því eins hátt og greitt mundi við sams konar verkun hennar hér á landi og hún fer til erlendis, sbr. 4. og 6. tl. þessarar greinar.

6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna, síldarlýsi og saltsíld.
7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Niðurlagðar vörur, sbr. 1. tl., 1. mgr., skulu teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en  $\frac{1}{3}$  hluti útflutningsverðmætisins.

Þegar íslensk fiskiskip selja gjaldskyldar sjávarafurðir í erlendri höfn, nýjar eða unnar, hvort heldur er af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti í erlendri höfn (brúttósöluverðmæti) að frádrögnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur.

#### 11. gr.

3. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

- |   |       |
|---|-------|
| 1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur ..... | 80.0% |
| 2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands .....   | 12.7% |
| 3. Til Fiskimálasjóðs .....   | 3.5%  |
| 4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknarskips .....   | 2.0%  |
| 5. Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins .....   | 0.8%  |

6. Til Landssambands isl. útvegsmanna ..... 0.5%  
 7. Til samtaka sjómanna, skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið  
 setur ..... 0.5%

Í þeim reglum um greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, er um getur í 1. tl., 1. mgr. þessarar gr., má m. a. setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds, að hlutaðeigandi tryggingafélag sé aðili að endurtryggingasamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjalda, tryggingarskilmála og váttryggingarfjárhæða.

Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu í stað greiðslu iðgjalda.

#### 12. gr.

Á eftir 2. mgr. 4. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú sannar sendandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskirteinis, að verð það, sem lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur sett á útfluttar óseldar sjávarafurðir, sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, og er þá fjármálaráðuneytinu rétt að endurgreiða tilsvarendi mismun útflutningsgjaldsins, enda liggja fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á því, að leyfi til að selja við hinu lægra verði hafi verið veitt.

#### 13. gr.

5. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga, um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur þó ákveðið, að útflytjendur megi greiða gjaldið, þegar gjaldeyris skil eru gerð, enda sé tryggt, að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka, og sé töllyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði fyrir gjaldinu.

#### 14. gr.

Ákvæði þessa kafla öðlast gildi þegar í stað og taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra frá og með 15. nóvember 1968.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Sjávarafurðir framleiddar til og með 14. nóvember 1968 eru gjaldskyldar samkvæmt lögum nr. 53 2. maí 1968, og fer skipting þess eftir þeim lögum. Skulu gjöld af fob-verðmæti þeirrar framleiðslu miðuð við það gengi, er gilti til 11. nóvember 1968, enda hafi afurðirnar ekki verið undanþegnar greiðslu mismunar hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð.

Útflutningsgjald af söltuðum hrognum samkvæmt 2. gr. laganna skal ekki greitt af söltuðum eða niðurlögðum grásleppuhrognum af framleiðslu ársins 1968.

### III. KAFLI

#### Um ráðstöfun gengishagnaðar.

#### 15. gr.

Fé það, sem kemur vegna útfluttra sjávarafurða á reikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, samkvæmt ákvæði 4. gr. laga nr. 74/1968, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, er varið skal í þágu sjávarútvegsins, skv. 17. gr. þessara laga, og skal sjóður þessi vera í vörzlu Seðlabankans. Áður en umrætt fé er greitt í gengishagnaðarsjóð, skal samkvæmt ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins greiða af því það, sem talið er í liðum a—f þessarar greinar:

- a) Hækkunar á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. nóvember 1968, en fluttar út eftir gengisbreytinguna.
- b) Allt að 30 m.kr. í Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins til greiðslu verðbóta vegna framleiðslu frysra fiskafurða ársins 1968.
- c) Allt að 40 m.kr. til greiðslu uppbóta á saltfisk vegna framleiðslu ársins 1968.
- d) Allt að 3 m.kr. til framleiðenda saltsildar vegna kostnaðarauka, sem hlýzt af gengisbreytingunni, við framleiðslu sildar, sem söltuð var fyrir 15. nóvember 1968.
- e) Allt að 20 m.kr., sem rekstrarstyrk til togara á árinu 1968.
- f) Útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum með áorðnum breytingum, að heim hluta, sem það er lagt á verðmætishækkun vegna gengisbreytingarinnar á útflutningi, sem hefur átt sér stað frá og með 15. nóvember 1968. Þetta gildir þó ekki, þegar útflutningur hefur verið undanþeginn kvöðinni um að greiða mismun hins nýja gengis og hins eldra í gengishagnaðarsjóð, enda greiðist útflutningsgjald þá af öllu andvirði vörunnar. Sömu reglur gilda um gjald til Aflatryggingasjóðs samkvæmt 1. tölulið 9. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962, um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, svo og gjald samkvæmt 18. gr. laga nr. 55 2. maí 1968, um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum, og gjald samkvæmt lögum nr. 40 7. maí 1966, um smíði sildarleitarskipa og um sildargjald. Útflutningsgjöld, sem ákveðin eru í krónutölu á smálest, skulu hækkuð til samræmis við gengisbreytinguna. Um ráðstöfun útflutningsgjaldsins fer eftir 2. gr. laga nr. 53 2. maí 1968, um breytingu á fyrrgreindum lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

#### 16. gr.

Fé, sem inn kemur vegna sölu skreiðar, samkvæmt 1. málgr. 15. gr., skal lagt til hliðar á sérstakan reikning í Seðlabankanum, og skal sjávarútvegsmálaráðuneytinu heimilt að ráðstafa því til styrktar skreiðarframleiðendum með hliðsjón af söluverði skreiðarinnar og kostnaði, sem á hana hefur fallið. Verði afgangur af þessu fé, þá gangi hann til gengishagnaðarsjóðs.

#### 17. gr.

Gengishagnaðarsjóði skal ríkisstjórnin ráðstafa í þágu sjávarútvegsins sem hér segir:

- a) Allt að 34.5% gangi til greiðslu hluta gengistaps af lánnum vegna fiskiskipa, sem byggð hafa verið erlendis, svo og sildarflutningaskipa.  
Stjórn Fiskveiðasjóðs annast framkvæmd greiðslna þessara samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur, að fenginni umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.
- b) Allt að 16.4% gangi til þess að auðvelda síldveiðibátum, sem stunduðu veiðar á Norðausturmiðum sumarið og haustið 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánnum frá árinu 1968 með öðrum hætti en nýjum lánnum eða frestun afborgana. Sjávarútvegsmálaráðuneytið setur reglur um greiðslur þessar, að fenginni umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna.
- c) Allt að 13.5% gangi til þess að auðvelda sildarverksmiðjum, sem starfræktar voru til móttöku sildar af Norðausturmiðum á sumar- og haustvertíð 1968, að standa í skilum með greiðslu vaxta og afborgana af stofnlánnum, eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins og að höfðu samráði við fulltrúa síldarverksmiðjanna.  
Enn fremur er heimilt að greiða af þessu fé til stuðnings Síldarverksmiðjum ríkisins vegna rekstrar leiguskipa til síldarflutninga á sumarvertíð 1968, eftir ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins.
- d) Allt að 18.2% gangi til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa..

e) Afgangur gengishagnaðarsjóðs rennur til Fiskveiðasjóðs til veitingar stofnlána til bolfiskvinnslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðuneytið setur.

**18. gr.**

Ákvæði 4. gr. laga nr. 69 25. nóvember 1967, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenskrar krónu, eru úr gildi felld, að því er tekur til afurða, sem greiddar eru frá og með 15. nóvember 1968.